



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Nóaborg

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025.....	6
2.1	Innra mat	6
2.1.1	Námskrá.....	6
2.1.2	Barnasáttmálinn og Nordplusverkefnið.....	6
2.1.3	Einfalda vinnu við þrjú stór verkefni.....	6
2.2	Ytra mat	7
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	9
3.1	Umbótapáttur/matspáttur: Námskrá.....	9
3.2	Umbótapáttur/matspáttur: Læsteymi í Nóaborg	10
3.3	Umbótapáttur/matspáttur: Einfalda vinnu við þrjú stór verkefni.....	10
3.4	Umbótapáttur/matspáttur: Fataherbergi	11
3.5	Umbótapáttur/matspáttur: Matmálstímar	12
3.6	Umbótapáttur/matspáttur: Foreldraheimsóknir á föstudögum	13
4	Starfspróunarsamtöl og fræðsla	14
5	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
6	Foreldrasamvinna	16
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
8	Fylgiskjöl	19





1 Greinargerð leikskólastjóra

Það má skipta síðasta vetri í tvennt. Fram að áramótum var aldursskipt á deildir þannig að elstu börnin voru á einni deild og svo koll af kolli. Yngstu börnin voru svo öll saman á deild. Þannig háttaði til að í elsta árganginum voru þó nokkur börn sem þurftu á sérstökum stuðningi að halda sem gerði það að verkum að það voru komnir átta starfsmenn á deildina og 21 barn. Þá var á yngstu deildinni einungis eitt barn fætt 2021 sem var ekki ákjósanlegt. Það var því erfitt að sinna því starfi sem þurfti og bitnaði það á bæði börnum og starfsfólki. Stjórnendateymi leikskólans leitaði því lausna á fundum og niðurstaðan varð sú að stokka upp öllum deildum leikskólans um áramótin og hafa tvær yngri deildir og tvær eldri. Þetta voru miklar breytingar og eðlilega ekki allir sáttir. Þetta var kynnt foreldraráðinu mjög vel en þar voru einnig skiptar skoðanir á þessum breytingum. Niðurstaðan varð þó sú að fara í þessar breytingar en 1. júní yrðu elstu börnin sameinuð á eina deild í salnum og yrðu þar fram að grunnskólabyrjun. Það var flókið verkefni að skipta barnahópnum og komu foreldrar með óskir alveg fram á síðustu stundu. Við reyndum að taka tillit til óska foreldra og það gerði það að verkum að skiptingin varð ekki alveg eins og við lögðum upp með í byrjun en við ákváðum að láta slag standa. Á sama tíma ákváðum við að endurnefna allar deildir og komu tillögur bæði frá foreldrum og starfsfólki. Niðurstaða var svo fengin með könnun til foreldra og starfsmanna en foreldrar tóku margir könnunina með börnunum sínum. Yngri tvær deildirnar nefnast nú Lóuholt og Spóaholt og þær eldri nefnast nú Kríuholt og Krummaholt. Það er skemmst frá því að segja að þessi breyting gekk mun betur en við bjuggumst við og létti mikið álag á börn og starfsfólk. Byrjað var á þemavinnu á öllum deildum sem tengdist fugli hvernar deildar og var það mjög skemmtileg vinna. Við gerum ráð fyrir því að breytingin sé komin til að vera nema hvað elsti árgangurinn verður ekki í salnum yfir sumartímann.

Við röðun á deildirnar fyrir komandi skólaár var mun auðveldara að jafna út stöðuna m.t.t. aldurs barnanna, kyns, barna með annað móðurmál en íslensku, barna með sérstuðning o.fl. Á eldri tveimur deildunum verða því öll börn fædd 2020 og 2021 og á þeim yngri verða öll börn fædd 2022 og 2023 auk þess sem þrjú börn fædd 2024 verða þar.

Stuttu eftir breytingarnar á deildum leikskólans ákváðum við að opna leikskólann meira fyrir foreldrum. Á hverjum föstudegi (fyrir utan sumarið) er opið hús fyrir foreldra á milli kl. 9.15 og 10.30. Foreldrar þurfa að skrá sig ef þeir hyggjast koma og geta að hámarki komið fjórir foreldrar af hverri deild. Foreldrar taka þá þátt í sameiginlegri söngstund í sal og eru svo með börnum í flæði eða á þemadögum. Áður en söngstund byrjar eru foreldrar velkomnir að fá sér kaffibolla og spjalla við stjórnendur. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og áreynslulaust og verður áfram næsta vetur. Það er engin pressa á foreldra, þeir koma sem geta og vilja, þegar þeir geta.



Seinna árið í Nordplus verkefni leikskólans um Barnasáttmálann lauk með fundi hér á Íslandi í lok júní og heppnaðist hann gríðarlega vel. Það var mikil ánægja með verkefnið og við munum sakna nýju vina okkar frá Grænlandi, Eistlandi, Litháen og Svíþjóð. Sem rökrétt framhald af þessu frábæra verkefni höfum við ákveðið að fara í vinnu við að verða Réttindaskóli Unicef og hefst sú vinna strax í haust.

Samskiptasáttmáli starfsfólks Nóaborgar var unninn á vormánuðum með aðstoð frá Sóleyju Kristjánsdóttur sem starfar í Ráðgjafa- og stuðningsteymi Skóla- og frístundasviðs. Sáttmálinn var unninn þannig að starfsfólk kaus um þær tillögur sem komu fram í vinnunni með Sóleyju. Hann er nú tilbúinn og hefur verið tekinn í notkun. Það er mjög mikilvægt að starfsfólk geri með sér slíkan sáttmála og að það sé skýrt hvernig samskipti við viljum hafa í okkar góða leikskóla.

Alþjóðavika leikskólans var á sínum stað í byrjun maí en í fjóra daga er allt formlegt starf lagt til hliðar og unnið að ýmsum viðfangsefnum sem tengjast þeim löndum sem hafa verið valin það árið.

Deildunum er skipt í heimsálfur og innan hversar heimsálfu eru 3-4 lönd sem gjarnan eru valin m.t.t. barnahópsins á deildinni. Alla morgna er opið hús í leikskólanum á milli kl. 9.15 og 10.15 og eru foreldrar og aðrir aðstandendur velkomnir að ferðast um heiminn með börnunum. Foreldrar með annað mál en íslensku koma t.d. oft og lesa fyrir börnin á sínu móðurmáli og er það alltaf jafn vinsælt. Einn pabbi í leikskólanum tók sig til og útbjó eftirlíkingu af vegabréfi fyrir hvert barn í leikskólanum en þegar við lentum í myglu fyrir nokkrum árum urðum við m.a. að henda þeim vegabréfum sem við höfðum notað árum saman. Í staðinn fyrir fána í vegabréfið fengu börnin límmiða sem pabbinn hannaði einnig og tengdust límmiðarnir því landi sem börnin heimsóttu. Við færum pabbanum miklar þakkar fyrir óeigingjarna vinnu í þágu leikskólans. Þá ber einnig að þakka starfsfólki leikskólans fyrir sitt hlutverk en starfsfólkið toppar sig á hverju ári með frábærum hugmyndum af listsköpun, tæknivinnu, tilraunum, tónlist, dansi o.s.frv. Þetta er skemmtilegasta vika ársins og mikil þátttaka aðstandenda gerir hana enn skemmtilegri.



Stytting vinnuvikunnar var þó stærsta áskorunin síðasta vetur en þá var hún fest í kjarasamninga þannig að fullt starf er 36 stundir á viku. Hjá FL er þó enn talað um betri vinnutíma á dagvinnu en engu að síður miðað við styttingu um fjóra tíma á viku. Áður en 36 stunda vinnuvika var fest í kjarasamninga tók starfsfólk Nóaborgar ekki fulla styttingu heldur geymdi klukkutíma á viku og hætti svo fjórum tímum fyrr hálfsmánaðarlega. Nú er staðan önnur og starfsfólk tekur styttingu í hverri viku. Það er mikið álag sem fylgir því að útfæra daginn þegar 4-5 starfsmenn hætta fljótlega eftir hádegið á hverjum degi. Þess fyrir utan er ekki óalgengt að það vanti 1-3 starfsmenn að meðaltali daglega vegna veikinda, veikinda barna, orlofs utan orlofstíma, námskeiða o.fl. Þess má geta að fjarveruafleysing í leikskólanum er innan við eitt stöðugildi sem dugar engan veginn. Það blasir því við að þegar vantar 6-8 starfsmenn eftir hádegið nánast daglega þá bitnar það á börnunum, starfsfólkinu sem og starfinu því börnin eru ekki pappírsbunki sem bíður næsta dags. Það eru ákveðnir útreikningar sem finna út starfsmannapörfina hverju sinni og þegar ekki eru nógu margir starfsmenn í húsi er ekki hægt að bregðast við á annan hátt en að senda börn heim. Áður en það er þó gert er athugað hvort hlutastarfsmenn geti unnið lengur, hvort fólk geti fært til sína vinnuvikustyttingu, hvort tímavinnustarfsmenn séu á lausu o.m.fl. Undirmönnun er þó til staðar og starfsfólk í húsi þarf að hlaupa hraðar. Við í Nóaborg þurftum því miður í nokkur skipti síðasta vetur að senda börn fyrr heim vegna manneklu. Yfirvöld í borginni geta ekki horft framhjá þeirri staðreynd að stytting vinnuvikunnar kostar og þurfa þau að bregðast við á einhvern hátt til að tryggja rétta mönnun í leikskólanum á hverjum degi.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

2.1.1 Námskrá

Ný skólanámskrá átti að vera tilbúin í byrjun árs 2025 en vegna ýmissa áskorana í starfi leikskólans náðist ekki að klára þá vinnu á áætluðum tíma. Verkefnið frestast því fram á ársbyrjun 2026 og er á ábyrgð stjórnendateymis Nóaborgar. Gert er grein fyrir verkefninu í kaflanum um umbótaáætlun komandi vetrar.

2.1.2 Barnasáttmálinn og Nordplusverkefnið

Verkefnið var metið fyrir lokafundinn sem haldinn var á Íslandi seinni part júnímánaðar.

Verkefnastjóri verkefnisins hélt utan um þá vinnu en hún var frá Svíþjóð. Þeir sem tóku þátt í matinu voru þeir sem höfðu tekið þátt í fundum verkefnisins og frá Nóaborg voru það starfsmenn af eldri deildum leikskólans. Mörg og fjölbreytt verkefni voru unnin í leikskólanum á meðan á verkefninu stóð, aðallega þó á eldri deildunum. Þátttaka í þessu verkefni var mjög áhugaverð og gefandi en unnið var sérstaklega með 12. greinina sem er:



12. VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálst um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

Nóaborg er á haustmánuðum að hefja vinnu við það að verða Réttindaskóli UNICEF og þrír fulltrúar leikskólans fara á námskeið um innleiðinguna sem þau svo miðla til annarra starfsmanna leikskólans. Í upphafi verkefnisins sem hófst haustið 2023 fengu allir starfsmenn leikskólans góða kynningu á Barnasáttmálanum frá fulltrúum UNICEF á Íslandi. Verkefnið heldur því óformlega áfram í Nóaborg sem er mikið gleðiefni.

2.1.3. Einfalda vinnu við þrjú stór verkefni

Hvernig fór matið fram?

Starfsfólk á Sólbakka og Lóuholti var saman í að meta verkefnið á skipulagsdegi að loknu skólaári og svo starfsfólk Krummaholts og Kríuholts. Markmiðið var að auðvelda og einfalda undirbúning þriggja stærstu verkefna vetrarins sem eru jólagjafir til foreldra, gerð Öskudagsbúninga og Alþjóðavika leikskólans. Leikskólastjóri útbjó skipulag fyrir hvern þátt verkefnisins sem miðaði að því að hverju verkefni væri lokið fyrir ákveðinn tíma og var það gert til að forðast álag síðustu dagana fyrir verkefnaskil hvers verkefnis.



Mat Kríuholts og Krummaholts:

Hefði mátt ganga betur. Náðist ekki að klára allt innan tímamarka sem olli nokkru álagi á síðustu metrunum fyrir verklok. Það tekur tíma að gera breytingar og til að auka líkur á að verkefni gangi betur komandi skólaár fer þetta inn í umbótaáætlun leikskólans fyrir næsta skólaár.

Mat Lóuholts og Spóaholts:

Gekk að miklu leyti vel að skipuleggja þessi þrjú verkefni eftir áætlun leikskólastjóra. Starfsfólk taldi að gott væri að skipuleggja svona stór verkefni fyrirfram. Ákveðið var að stefna að því að betur gengi næsta vetur og því fer þetta verkefni inn í umbótaáætlun komandi vetrar.


2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins – viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Framkvæmt af Gallup með spurningalista sem var sendur á netföng starfsmanna
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats	Þótt niðurstöðurnar séu ekki alveg það sem við hefðum kosið eru margir og mikilvægir þættir sem skora hátt. Við erum undir meðaltali borgarinnar og munum nýta niðurstöðurnar til að vinna með þá þætti sem við höfum vald til að breyta og bæta. Það sem skoraði hæst sneri að jafnrétti innan starfsmannahópsins og skýrri áherslu hvað það varðar, góð samskipti á milli starfsfólks, sveigjanleiki til að skreppa frá ef þarf með litlum fyrirvara og fjölbreyttur starfsmannahópur. Þeir þrír þættir sem skoruðu lægst tengdust allir launakjörum starfsfólks. Það eru þó nokkrir mikilvægir þættir sem Nóaborg skorar hærra en meðaltalið og það tengist vinnuaðstæðum enda stutt síðan farið var í algjöra endurnýjun á húsnæðinu vegna myglu. Vinnurými, ánægja með lýsingu, ánægja með kaffiaðstöðu, ánægja með loftgæði sem og tölvu- og tækjabúnað og ánægja með hljóðvist eru allt mikilvægir þættir sem má ekki vanmeta. Tækifæri til umbóta felast í því að vinna markvisst að því að auka starfsánægjuna þannig að hún fari á þann stað aftur sem hefur einkennt Nóaborg. Samskiptasáttmáli verður tekinn í notkun, fundnar leiðir til að miðla betur upplýsingum til starfsmanna en það sem kemur fram á stjórnenda- og sérkennslufundum og á erindi til starfsmanna virðist því miður ekki skila sér til allra starfsmanna. Starfsfólk er einnig með Facebook síðu sem hægt er að nota betur til að miðla upplýsingum sem og að nýta deildarfundir betur í það verkefni. Við munum kanna hvort hægt verður að setja upp



upplýsingaskjá fyrir starfsfólkið þar sem hægt verður að setja inn þær upplýsingar sem eiga erindi til starfsmanna.

Hvað var matið?	Viðhorfsskönnun til foreldra
Hvernig fór matið fram?	Framkvæmt af Skóla- og frístundasviði með því að senda spurningalista á foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöður voru ánægjulegar og leikskólinn þakkar það traust sem foreldrar sýna. Þeir þættir sem skoruðu með um og yfir 90% ánægju sneru að líðan barnanna í leikskólanum, öryggi barnanna, ánægja með samskipti við starfsfólk og viðmót. Þá gátu foreldrar mælt með leikskólanum við aðra foreldra og ánægja með leikskólann í heild. Þeir þættir sem skoruðu lægst þrátt fyrir mjög góða niðurstöðu tengdust ábendingum frá foreldrum í sambandi við þeirra hugmyndir, vinnu með stefnu og markmið leikskólans, fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að meta þroska barnanna, ráðgjöf til foreldra og svo það sem skoraði langlægst var áhrif faliðunar en rúmlega 70% foreldra sögðu það þó hafa haft mjög eða frekar lítil áhrif á fjölskyldulífið. Eins og kom fram í greinargerð leikskóla fyrr í þessu skjali þurfti því miður í nokkur skipti að senda börn fyrr heim vegna manneklu.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

3.1 Umbótaþáttur/matsþáttur: Námskrá

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?

Ný skólanámskrá fyrir leikskólann verður gefin út á fyrstu mánuðum 2026

Aðgerðir til umbóta-Framkvæmd:

Áframhaldandi vinna við nýja námskrá. Aðkoma starfsfólks, foreldra og barna.

Ábyrgð:

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Vinna við námskrá leikskólans er komin vel á veg en haldið verður áfram með vinnuna á haustönn. Hluti skipulagsdaga sem eru 2. október og 28. nóvember fer í þá vinnu. Unnið verður með afmarkaða þætti með grunnþætti menntunar. Áætlað er að ný skólanámskrá verði að fullu tilbúin á fyrstu mánuðum ársins 2026.

Mat – hvenær/hvernig?

Námskráin þarf að vera skýr og gagnast starfinu og þeim gildum sem viðhöfð eru í leikskólanum. Innleiðing fer í gang um leið og skólanámskráin verður klár og áætlað er að unnið verði að fullu eftir henni veturinn 2026-2027. Námskráin verður lifandi plagg sem verður metið reglulega yfir skólaárið á deildarfundum.

Viðmið um árangur:

Nýrri skólanámskrá er ætlað að skila betra leikskólastarfi fyrir alla. Hún þarf að vera skýr á þann hátt að auðvelt sé fyrir starfsfólk að tileinka sér þær áherslur sem þar birtast. Hún þarf einnig að vera upplýsandi fyrir foreldra.



3.2 Umbótaþáttur/matsþáttur: Læsisteymi í Nóaborg

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?

Starfrækt verði læsisteymi í leikskólanum sem hefur það að markmiði að fylgja eftir og koma í framkvæmd áherslum aðalnámskrár leikskóla á læsi. Aukin áhersla á læsi í sjálfsprottnum leik.

Aðgerðir til umbóta-Framkvæmd:

Læsisteymið fundar nokkrum sinnum yfir skólaárið og kemur með hugmyndir og áherslur inn í leikskólastarfið. Teymið er skipað aðstoðarleikskólastjóra og tveimur starfsmönnum, öðrum frá yngri deildum og hinum frá eldri deildum. Eitt af fyrstu verkum teymisins verður að koma upp læsis- og skriftarrými þar sem börnin geta leikið sér frjálst með efnivið sem tilheyrir læsi og skrift.

Ábyrgð:

Þeir starfsmenn sem eru í læsisteyminu.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Hefst á haustönn. Engin verklok eru áætluð þar sem fyrirhugað er að hafa starfrækt læsisteymi við leikskólann til framtíðar.

Mat – hvænær/hvernig?

Metið í lok hvernar annar á deildarfundi með umræðupunktum sem koma frá teyminu.

Viðmið um árangur:

Nóaborg hefur alltaf lagt mikla áherslu á læsi og með því að hafa sérstakt teymi innan leikskólans sem heldur utan um þann þátt gerum við ráð fyrir því að læsi í víðum skilningi fái enn meira vægi í skólastarfinu sem verði mjög sýnilegt.

3.3 Umbótaþáttur/matsþáttur: Einfalda vinnu við þrjú stór verkefni

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?

Auðvelda og einfalda undirbúning þriggja stærstu verkefna vetrarins sem eru jólagjafir til foreldra, gerð Öskudagsbúninga og Alþjóðavika leikskólans en innleiðingu verður haldið áfram komandi vetur.

Aðgerðir til umbóta-Framkvæmd:

Leikskólastjóri hefur gert skipulag frá hausti og fram á vor þar sem ofangreind verkefni eru hlutuð niður í mörg smærri verkefni. Byrjað er fyrr en áður á verkefnunum og ákveðnum hlutum þeirra þarf



að vera lokið á ákveðnum tíma. Það einfaldar allan undirbúning til muna en það hefur háð okkur að oft er verið að ljúka þessum verkefnum á síðustu stundu sem skilar minni ánægju í að vinna þau. Vonast er til að með verkplaninu verði þessi þrjú stóru verkefni skilvirkari, ánægjulegri og auðveldari í framkvæmd.

Ábyrgð:

Deildarstjórar sem útdeila hverju verkefni til ákveðins starfsmanns með sér.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Hefst strax á haustmánuðum og lýkur með Alþjóðavíkunni sem er venjulega seinni part aprílmánaðar eða í byrjun maí.

Mat – hvenær/hvernig?

Metið á deildarfundum eftir hvert verkefni

Viðmið um árangur:

Með þessari verkáætlun og með því að fylgja henni annað árið í röð fara þessir þættir meira inn í daglegt starf starfsmanna sem geta m.a. nýtt undirbúningstíma til að skipuleggja hvert verkefni. Vonast er til að þetta skili áreynslulausari vinnu þar sem hún stendur yfir í lengri tíma en ekki rétt áður en því á að vera lokið. Börnin munu væntanlega njóta vinnunnar betur sem og starfsfólk. Á stjórnendafundum verður staðan tekin reglulega og minnt á að fylgja áætluninni eftir.

3.4 Umbótaþáttur/matsþáttur: Fataherbergi

Sameiginlegt fyrir eldri deildir annars vegar og yngri hins vegar.

Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?

Börn og starfsfólk upplifi notalega stund í fataherberginu bæði áður en farið er út og þegar komið er inn úr útiveru.

Aðgerðir til umbóta - Framkvæmd:

Gera skipulag fyrir fataherbergin sem miðar að því að ekki séu of mörg börn í fataherberginu á sama tíma. Ef of mörg börn eru þar samtímis skapast óróleiki í barnahópnum sem auðveldlega má koma í veg fyrir með góðu skipulagi.





Ábyrgð:

Deildarstjórar.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Hefst strax á haustmánuðum og ekki eru áætluð formleg verklok.

Mat – hvenær/hvernig?

Metið með umræðum á deildarfundum annan hvern mánuð allan veturinn.

Viðmið um árangur:

Meiri ró verður í fataherberginu ef ekki eru of mörg börn þar samtímis. Þá gefast aukin tækifæri til að kenna börnum meiri sjálfshjálp ef þar eru minni barnahópar. Fataherbergið verður þannig að notalegu viðfangsefni bæði fyrir börn og starfsfólk þar sem gefst góður tími til athafna auk þess sem mikil málörvun getur átt sér stað með minni barnahóp og á það sérstaklega við um yngri börnin.

3.5 Umbótaþáttur/matsþáttur: Matmálstímar

Sameiginlegt fyrir eldri deildir annars vegar og yngri hins vegar.

Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?

Að skapa notalegt og lærdómsríkt umhverfi á meðan á matmálstímum stendur

Aðgerðir til umbóta - Framkvæmd:

Nýta matmálstímana betur í spjall um daginn og veginn við börnin og kenna þeim að njóta þess að borða máltíðina hverju sinni. Hvetja þau til að smakka það sem er í boði og vera ekki að flýta sér um of. Leyfa þeim að prófa að skammta sér meira sjálf, skera matinn sinn, smyrja brauðið sitt o.s.frv.

Ábyrgð:

Deildarstjórar og það starfsfólk leikskólans sem matast með börnunum.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Hefst strax á haustmánuðum og ekki eru áætluð formleg verklok.

Mat – hvenær/hvernig?

Metið með umræðum á deildarfundum annan hvern mánuð allan veturinn.





Viðmið um árangur:

Matartímarnir verði gæðastundir þar sem notið er þess að sitja við matarborðið, borða og eiga gott spjall. Börnin auki færni sína í sjálfshjálp á matmálstímum.

3.6 Umbótaþáttur/matsþáttur: Foreldraheimsóknir á föstudögum

Sameiginlegt fyrir allt húsið

Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?

Styrkja tengsl foreldra og leikskóla með því að bjóða upp á opið hús alla föstudaga í vetur

Aðgerðir til umbóta - Framkvæmd:

Foreldrum er boðið að koma í leikskólann á föstudögum á milli kl. 9.15 og 10.30. Að hámarki geta fjórir foreldrar af hverri deild skráð sig í heimsókn hverju sinni. Foreldrar taka þátt í sameiginlegri söngstund í sal og eftir það eru þeir með börnunum í flæðisvinnu eða á þemadögum skv. dagatali. Á meðan á söngstund stendur er einn starfsmaður á deild að undirbúa þau viðfangsefni sem verða í boði þann föstudaginn.

Ábyrgð:

Deildarstjórar

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Hefst strax á haustmánuðum og ekki eru áætluð formleg verklok.

Mat – hvenær/hvernig?

Metið með umræðum á deildarfundum reglulega allan veturinn.

Viðmið um árangur:

Betra samstarf heimilis og leikskóla. Foreldrar kynnast starfinu og fá að taka þátt í því. Foreldrum er frjálst að mæta þegar þeim hentar yfir veturinn en enginn er skyldugur til að mæta. Þeir koma sem geta og hafa áhuga.



4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók tvisvar yfir skólaárið stutt samtöl við starfsfólk þar sem var farið yfir líðan í vinnu, styrkleika, hvað mætti betur fara o.m.fl. Slík samtöl verða aftur á komandi skólaári, það fyrra á haustönn og það síðara á vorönn.

Starfsfólk sótti sér ýmis konar fræðslu, fundi og annað sem tengist leikskólastarfinu:

- Allir starfsmenn fengu skyndihjálparnámskeið
- Aðstoðarleikskólastjóri lauk forystunámi sem eru nokkur skyldunámskeið fyrir stjórnendur
- Allir starfsmenn eiga að hafa lokið í vor eða eru þessa dagana að ljúka netnámskeiði um kynferðisofbeldi gegn börnum
- Sara Margrét Ólafsdóttir frá Menntavísindasviði HÍ hélt fyrirlestur um leikinn og hlutverk fullorðinna í honum.
- Allt starfsfólk fékk fyrirlestur um vinnustaðamenningu og góð samskipti og í framhaldi var gerður samstarfssáttmáli undir leiðsögn Sóleyjar Kristjánsdóttur, mannauðsráðgjafa
- Allt starfsfólk fékk nokkur stutt neterindi um börn á flóttu
- Þá hafa nokkrir starfsmenn sótt ýmis námskeið t.d. um einhverfu, Hljóm-2 og svo ýmis námskeið á Torginu sem er fræðsluvæði fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar

Starfsþróun 2025-2026

- Starfsmenn fá í október fyrirlestur frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur frá Barnaheillum um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Foreldrum er einnig boðið að koma á fyrirlesturinn.
- Allir starfsmenn taka skyldunámskeið á Torginu um matvælaöryggi
- Torgið er aðgengileg fræðsla á netinu fyrir starfsfólk borgarinnar. Mjög mörg gagnleg námskeið eru í boði fyrir starfsfólk leikskóla, sum skyldunámskeið en önnur hægt að velja eftir áhuga og þörfum. Stjórnendur leikskólans benda starfsfólki á að nýta undirbúningstíma sína m.a. til að taka námskeið á Torginu en þau eru oft bútuð niður í styttri einingar svo auðveldara sé að taka þau.
- Einn starfsmaður leikskólans er að hefja leikskólaliðanám
- Netfyrirlestur Dr. Guðrúnar Öldu Harðardóttur á skipulagsdegi í lok ágúst um læsi í sjálfsprottnum leik.



5. Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg hafa í mörg ár verið í samstarfi við Háteigsskóla og þá sérstaklega kennara og nemendur 1. bekkjar. Markmiðið er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og hittast elstu börnin í leikskólunum og 1. bekkur í Háteigsskóla talsvert yfir veturinn. Hópurinn hittist oft allur saman á Klambratúni að hausti og vori og svo eru gagnkvæmar heimsóknir á milli þeirra allan veturinn. Háteigsskóli býður börnunum að vera eina kennslustund með 1. bekk, þau fá að heimsækja íþróttahúsið, bókasafnið og er boðið á jólaskemmtun auk samveru á sal. Hver leikskóli heimsækir svo 1. bekk og 1. bekkur kemur í heimsókn í hvern leikskóla. Í gegnum þetta frábæra verkefni kynnast elstu börn leikskólanna þriggja hvert öðru og þekkjast því aðeins þegar þau svo hittast í 1. bekk í Háteigsskóla. Þá þekkja þau einnig börnin sem eru þá komin í 2. bekk. Börnin heimsækja einnig frístundaheimili Háteigsskóla, Halastjörnuna, og fá að kynnast húsinu og starfinu þar. Þetta samstarfsverkefni sem ber heitið *Skilaboðaskjóðan* byrjaði sem þróunarverkefni á sínum tíma og hlaut að því loknu Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs. Það er frábært að samstarfið hefur haldið áfram og þróast. Nákvæm tímasetning heimsóknanna er ekki tilbúin en hún er nokkurn veginn eins hvern vetur.

Komandi vetur munu þessir þrír leikskólar ásamt Menntavísindasviði HÍ vinna saman að þróunarverkefni um tónlistarkennslu í leikskóla en styrkur fékkst frá Skóla- og frístundasviði til að vinna þetta spennandi verkefni. Einn starfsmaður Nóaborgar mun halda utan um verkefnið fyrir hönd leikskólans en verkefnið verður kynnt foreldrum nánar þegar hópurinn hefur fundað í fyrsta sinn sem er í lok ágúst eða byrjun september.

Í mjög mörg ár hefur einn starfsmaður Nóaborgar fylgt börnunum sem fara í Háteigsskóla og er með þeim fyrstu skóladagana. Mikil ánægja er með þetta verkefni hjá börnum, foreldrum og kennurum 1. bekkjar.



6. Foreldrasamvinna

Í Nóaborg leggjum við mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf, að foreldrunum líði vel með leikskólann og finnist þau örugg með börnin hjá okkur. Stjórnendur eru alltaf til taks ef þarf og eru foreldrar hvattir til að hafa strax samband ef áhyggjur vakna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu hafi þeir tíma og áhuga.

Þrír fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra skipuðu foreldraráð leikskólans síðasta vetur en skv. lögum skulu að lágmarki þrír foreldrar auk leikskólastjóra sitja í ráðinu. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í foreldraráði gefa kost á sér til starfa og ef þörf þykir skal kosið á foreldrafundi á milli þeirra sem bjóða sig fram. Foreldraráðið skiptir hlutverkum á milli sín; formaður, ritari og meðstjórnandi. Hópurinn hittist yfir veturinn eftir þörfum til að ræða mál er snerta leikskólanum en tölvupóstur er notaður til samskipta þess á milli. Þá gefur foreldraráð umsögn um starfsáætlun og skólanámskrá en skólanámskráin er í vinnslu og er stefnt á að hún verði tilbúin í lok árs. Þá eru ýmsar breytingar á starfinu gerðar í samráði við foreldraráðið.

Foreldrafundur fyrir alla foreldra er haldinn í september og er hann jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Á þessum fundi er kosið nýtt foreldraráð, ný stjórn foreldrafélagsins og vetrarstarf hvernar deildar er kynnt. Þrjú ár í röð hafa tveir starfsmenn Nóaborgar, Anna Lísar talmeinafræðingur og Ragnheiður sérkennslustjóri, verið með fyrirlestur fyrir foreldra um máltöku og málþroska barna.

Foreldrum er boðið upp á stutt viðtöl að hausti, fljótlega eftir að barnið byrjar í leikskólanum eða flyst á milli deilda. Lengri viðtöl eru í febrúar/mars þar sem farið er yfir ýmsa þætti er varða börnin og veru þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar bjóða svo upp á viðtalstíma eftir þörfum allan veturinn óski foreldrar eftir því.

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfrækt við leikskólann og í stjórn félagsins eru a.m.k. 2-3 foreldrar af hverri deild. Allir áhugasamir foreldrar eru þó velkomnir að starfa með stjórninni. Stjórnin hefur formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur. Starfsmaður er fulltrúi leikskólans í stjórnin. Foreldrar greiða tvisvar á ári í sérstakan sjóð og er sá peningur notaður í ýmsar mismunandi uppákomur sem foreldrafélagið skipuleggur eða tekur þátt í. Má þar helst nefna dansnámskeið, sjóræningjahátíð, jólasveina og gjafir á jólaball og hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.

Sérstakar áherslur í foreldrasamvinnu á komandi vetri.

Eins og áður hefur komið fram í þessu plaggi fórum við af stað með verkefni sem felst í því að foreldrum gefst kostur á að koma á föstudögum á milli kl. 9.15 og 10.15, vera með í sameiginlegri söngstund í sal og fylgja börnum sínum í flæði. Að hámarki fjórir foreldrar af hverri deild geta komið hverju sinni og þurfa þeir að skrá sig sérstaklega í mætingu. Við ætlum að halda þessu verkefni áfram næsta vetur og taka það sérstaklega inn í matsáætlun vetrarins. Verður verkefnið metið í lok árs 2025 og vorið 2026.



7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

29. ágúst

2. október (sameiginlegur með leik- og grunnskólum hverfisins)

28. nóvember

6. febrúar (sameiginlegur með leik- og grunnskólum hverfisins)

4. maí (sameiginlegur með leik- og grunnskólum hverfisins)

5. júní

Leikskóladagatalið fylgir með sem viðhengi og er bæði á íslensku og ensku. Þess fyrir utan er það sett inn í dagatalið í Völu.





8. Fylgiskjöl

1. Umsögn foreldraráðs
2. Leikskóladagatal íslenska
3. Leikskóladagatal enska

F. h. leikskólans Nóaborgar

Anna Margrét Ólafsdóttir
Leikskólastjóri

15.9.2025
Dagsetning





Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2025 – 2026 Nóaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birgir Lúðvíksson
Hildigunnur Anna Hall
Rakel Sólrós Jóhannsdóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Sjá umsögn að neðan.

Fulltrúar í foreldraráði:

Birgir Lúðvíksson

Hildigunnur Anna Hall

Rakel Sólrós

Steinunn Rögnvaldsdóttir





Foreldraráð leikskólans Nóaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun Nóaborgar 2025-2026 og veitir hér umsögn sbr. 2 mgr. 11.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Foreldraráð þakkar starfsfólki og stjórnendateymi Nóaborgar fyrir vinsemd og fagmennsku á undangengnu skólaári.

Starfsáætlunin er skýr og sýnir að mikill metnaður er lagður í starf skólans. Hún samræmist vel áherslum og verkefnum síðasta starfsárs, þar sem framhald og þróun fyrri verkefna, eins og innleiðing Réttindaskóla UNICEF og opið hús fyrir foreldra eru skýrlega útfærð og byggja á lærdómi og mati síðasta vetrar.

Foreldraráð fagnar því hve vel gekk að stokka upp deildunum á liðnu ári en það var stórt og flókið verkefni. Breytingin var vel undirbúin og virðist hafa skilað tilætluðum árangri með auknu jafnvægi á milli deilda.

Foreldramorgnar eru skemmtileg viðbót við starfið og er ánægjulegt að foreldrar hafi tækifæri til að fá meiri innsýn inn í starf leikskólans, verkefni sem þessi styrkja traust og tengsl milli heimili og skóla.

Ljóst er að stytting vinnuvikunnar í 36 stundir er enn áskorun fyrir starf skólans og tekur foreldraráð undir mikilvægi þess að leikskólinn fái stuðning frá borgaryfirvöldum svo ekki þurfi að skerða starfið.

Ánægjulegt er að sjá að starfsfólk upplifi jafnrétti og góð samskipti innan starfsmannahópsins. Þá virðast betrubætur á húsnæði leikskólans einnig hafa skilað árangri. Sem fyrr eru launakjör starfsfólks áskorun og ítrekar foreldraráð mikilvægi þess að borgaryfirvöld fjárfesti í starfsfólki leikskóla.





Ágúst

29. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

September

8. Dagur læsis (spiladagur þar sem spiluð verða alls konar spil sem tengjast læsi)

8. Formlegt vetrarstarf hefst á öllum deildum

10. Aðalfundur foreldrafélagsins, kosning í stjórn foreldrafélagsins, kosning í foreldraráð, kynning á vetrarstarfi hvernar deildar.

12. Útihreyfidagur (þrautir og leikir í garðinum)

16. Dagur íslenskrar náttúru (tiltekt í nánasta umhverfi leikskólans o.fl.)

19. Grænn dagur (allir koma í einhverju grænu í leikskólann)

Október

2. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

3. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

10. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur og börnin velja sér svo eftir áhuga hvaða smiðu þau heimsækja (ein eða fleiri eftir áhuga)

17. Vísindi og tilraunir (Börnin fá að gera ýmsar skemmtilegar tilraunir)

24.27.28. Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (skráningsdagur í leikskólanum)

31. Náttfatadagur og bangsadagur í anda hrekkjavöku. Alþjóðlegi bangsadagurinn er 27. okt. Í vetrarfríi svo við höldum upp á hann síðar. Börnin mega koma í náttfötum og hafa með sér bangsa eða annað mjúkdýr. Tengjum þetta við hrekkjavökuna með ýmsum hætti.

Nóvember

7. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

14. Upplýsingatæknidagur þar sem við leikum okkur á fjölbreyttan hátt með upplýsingatæknina

14. Aðstandendakaffi á milli kl. 15 og 16 (afar, ömmur eða aðrir ættingjar/vinir hámark 2-4 frá hverju barni)

17. Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember. Leggjum áherslu á þulur og vísur þennan dag

21. Mælingadagur þar sem við munum mæla hvaðeina sem okkur dettur í hug

28. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

Desember

1. Piparkökubakstur – Spóaholt

2. Piparkökubakstur – Lóuholt

3. Piparkökubakstur – Krummaholt

4. Piparkökubakstur – Kríuholt

12. Jólaleiksýning í salnum

12. Rauður dagur (allir koma í einhverju rauðu)

12. Jólamatur í hádeginu (kalkúnn og meðlæti)

?. Jólabball (foreldrafélagið skipuleggur stað og stund)

29. og 30. Skráningardagur í leikskólanum





Janúar

- 5. Skipulagt starf hefst að nýju eftir jólafrí
- 9. Vasaljósadagur (börnin komi með vasaljós í leikskólann)
- 16. Vísindi og tilraunir (Börnin fá að gera ýmsar skemmtilegar tilraunir)
- 23. Þorri hefst – þorrablót í leikskólanum
- 30. Formadagur þar sem við leikum með ýmis form

Febrúar

- 6. Dagur leikskólans - Skipulagsdagur, leikskólinn lokaður
- 13. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 16. Bolludagur
- 17. Sprengidagur
- 18. Öskudagur
- 19. og 20 Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (skráningsdagur í leikskólanum)
- 27. Blár dagur (allir klæðast einhverju með bláu í)

Mars

- 6. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
- 16. Foreldraviðtöl hefst og mun deildarstjóri hvers deildar auglýsa dagsetningar
- 20. Alþjóðadagur Downs heilkennis er 21. mars, allir koma í mislitum sokkum
- 20. Talningadagur (æfum okkur í að telja eitt og annað í umhverfi okkar)
- 27. Foreldrum boðið í morgunmat á milli kl. 8 og 9 (ristað brauð, kakó/kaffi)
- 27. Gulur dagur (allir klæðast einhverju með gulu í)
- 30. 31. og 1.4 Dymbilvika og páskafrí (Skráningsdagur í leikskólanum)

Apríl

- 10. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
- 24. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur um leikskólann

Mái

- 4. Skipulagsdagur, leikskólinn lokaður
- 5.-8. Alþjóðavika leikskólans
- 15. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 15. Röndóttur dagur – allir koma í einhverju röndóttu
- 22. Opið hús í Nóaborg frá kl. 15-16.15 (sýning á vetrarstarfi)
- ? Útskriftarferð elstu barna
- 29. Formleg útskrift elstu barnanna

Júní

- 5. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
- 12. Útihreyfidagur (leikir og þrautir í garðinum)
- ? Sjóráningjahátíð í samráði við foreldrafélagið





August

29. Planning day – School closed

September

- 8. The day of literacy (We will play board games and card games that focus on literacy)
- 8. Formal work for the winter starts in all classes
- 10. Parent meeting – presentation of the winter work in each class, meeting of the Parent Association .
- 12. Sport day in the garden (outdoor games and activity)
- 16. The day of the Icelandic nature (Cleaning day in our closest outside area)
- 19. Green day (everyone wears something with green in it)

October

- 2. Planning day – School closed
- 3. Sport day (the children can bring sport clothes to school for the activities)
- 10. Art day (we will work with art stations and the children can choose what to work on)
- 17. Science and experiments
- 24.27.28. Winter holiday in Primary schools (Special registration needed if the child comes to Nóaborg – if not those days are not paid)
- 31. Pajama day and Teddy bear day. The international Teddy bear day is Oct 27th during the winter holiday, so we have this day a bit later this year. The children can come in pajamas and bring their teddy bear or another stuffed animal they have at home.

November

- 7. Sport day (the children can bring sport clothes to school for the activities)
- 14. IT day where the children play with different IT toys
- 14. Relatives are welcome between 3PM and 4PM (grandparents or other family members or friends, max 2-4 from each child)
- 17. The day of the Icelandic language and we play with our language in different ways
- 21. Measure day and we will measure all kind of objects in school
- 28. Planning day – School closed

December

- 1 The children in Spóaholt bake gingerbread cookies
- 2. The children in Lóuholt bake gingerbread cookies
- 3. The children in Krummaholt bake gingerbread cookies
- 4. The children in Kríuholt bake gingerbread cookies
- 12. A play in the Gym for all the children
- 12. Red day (Everyone wears something with red in it)
- 12. Christmas lunch in school
- ?. Christmas party planned by the Parent Association
- 29. og 30. Registration days in school – If your child does not come you don't pay for those days





January

- 5. Formal work with the children starts after the holidays
- 9. Flashlight day (The children bring flashlights to school and play with both inside and outside while it's dark)
- 16. Science and experiments
- 23. The old Icelandic month Þorri starts and the children get to taste food from the old times in Iceland

February

- 7. Shape day and we play with all kinds of shapes
- 6. The day of the preschools – Planning Day and the school is closed
- 13. Sport day (the children can bring sport clothes to school for the activities)
- 16. Bun Day and we will have special buns in the afternoon refreshment
- 17. Shrove Tuesday and we have salted lamb and pea soup for lunch
- 18. Ash Wednesday – Costume party in school
- 19. og 20 Winter holiday in Primary schools (Special registration needed if the child comes to Nóaborg – if not you don't pay)
- 27. Blue day (everyone wears something with blue in it)

March

- 6. Sport day (the children can bring sport clothes to school for the activities)
- 16. Parent meetings regarding each child start and the dates will be advertised before
- 20. International Day of Down's and we wear socks that don't match
- 20. Counting day and we count different things in school
- 27. Parents invited to join the children for breakfast between 8AM and 9AM (toast, coffee/cocoa)
- 27. Yellow day and everyone wears something with yellow in it
- 30. 31. og 1.4 The week before Easter and you need to register the child in school, if it does not come you don't pay)

April

- 10. Sport day (the children can bring sport clothes to school for the activities)
- 24. Art day (we will work with art stations and the children can choose what to work on)

May

- 4. Planning day and the school is closed
- 5.-8. The International week in Nóaborg
- 15. Sport day (the children can bring sport clothes to school for the activities)
- 15. Stripe day - everyone wears something striped
- 22. The school is open for guests between 3PM and 4.15PM. The children's work from the winter is shown
- ? Graduation trip for children born 2020. The date comes later
- 29. Formal graduation of the children born 2020

June

- 5. Planning day and the school is closed
- 12. Sport day in the garden (outdoor games and activity)
- ? Pirate festival planned by the Parent Association



